

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1973

1. marz 1973.

223

Nr. 105.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldu-bóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 12% frá 1. apríl 1973 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 69/1971, svo og greiðslna samkvæmt 73. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. grein laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

26. marz 1973.

Nr. 106.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 2 12. janúar 1971 um skyldusparnað.

1. gr.

Við 21. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Kostnaður við rekstur innlánsdeildar Byggingarsjóðs ríkisins greiðist úr Byggingarsjóðnum, eftir nánara samkomulagi við veðdeildina.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, skv. lögum nr. 30 12. maí 1970 um Hús-næðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

26. marz 1973.

Nr. 107.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 13.80 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

A—2 Kr. 4.05 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli auk fastagjalds, er nemi kr.